

Ritunarsmiðja: **STUTTAR INNLAGNIR**

(writing workshop: mini lessons)

Um stuttar innlagnir

Kennari þarf að fylgja aðalnámskrá og þar koma fram ýmis hæfniviðmið í ritun fyrir nemendur sem hægt er að styðjast við þegar valið er út atriðum til að kenna nemendum. Hér að neðan eru einnig sýnd dæmi um atriði sem gott getur verið að kenna nemendum og síðast en ekki síst er það í höndum kennara að meta hvað það er sem nemendur þurfa helst að fá kennslu í hverju sinni. Skynsamlegt er að skipuleggja innlagnirnar í lotum þar sem ákveðin viðfangsefni ritunar eru tekin fyrir og standa í tvær til átta vikur. Skrift, fingrasetning og stafsetning eru þó undanskilin og forðast ætti að kenna þessa færni afmarkað í heilum lotum heldur ætti að kenna þessi atriði jafnt og þétt yfir árið. Dæmi um hæfni og viðfangsefni er að finna á næstu síðu.

Mikilvægt er að koma upp fastri rúttíu við framkvæmd á stuttri innlögn. Nemendur safnast saman á fyrir fram ákveðinn stað í kennslustofunni þar sem allir heyra vel í kennaranum og sjá vel á töfluna ef hún er notuð. Stutt innlögn á að miðast við aldur nemenda en oft er miðað við að innlögnin vari í 5–15 mínútur. Bestu innlagnirnar vara oftast ekki lengur en 10 mínútur og ættu aldrei að vera lengri en 15 mínútur!

Framkvæmd

1. Innlögnin byrjar alltaf á því að kennari segir nemendum hvað hann ætli að kenna þeim og hvers vegna hann ætli að kenna þeim þetta atriði.
2. Kennari útskýrir aðferðina; sýnir, gefur dæmi og hugsar upphátt. Gott getur verið að nota sýni-dæmi og tala út frá þeim og eins er hægt að sýna nemendum ýmsar „hækjur“, yfirleitt í formi veggspjalda, sem þá fara upp á vegg í kennslustofunni í kjölfari innlagnarinnar. Þeim er ætlað að vera hjálpartæki nemenda við áframhaldandi ritun.
3. Kennari hjálpar nemendum að spreyta sig á því sem verið var að kenna.
4. Að endingu tengir kennari innlögnina sjálfstæða ritun nemenda og hvetur þá til að nota það sem þeir lærðu í eigin ritun.

Hægt er að nota mismunandi nálganir í stuttum innlögnum:

- Fá „gest“ til að koma í heimsókn og kenna nemendum ákveðið atriði. Þetta getur t.d. verið rithöfundur sem segir nemendum frá hvernig hann fær hugmyndir!
- Sýna nemendum texta sem þú hefur skrifað eða ert að skrifa og útskýra út frá honum ákveðin viðfangs-efni.
- Nota texta sem einhver annar hefur skrifað, t.d. úr dagblaði eða tímariti og hugsa upphátt út frá honum til að útskýra ákveðið viðfangsefni.
- Gera uppkast að texta, eða umskrifa texta, fyrir framan nemendur og hugsa upphátt á meðan þannig að nemendur geri sér grein fyrir ferlinu. Í lokin má svo bæta við beinum útskýringum eins og þurfa þykir.

Dæmi um hæfni sem hægt er að kenna í stuttum innlögnum

Dæmi um hæfni/atriði til að kenna:	Viðfangsefni:
Sögupersónur	Sögugerð
Tími (hvenær gerist sagan?)	Sögugerð
Umhverfi (sögusvið)	Sögugerð
Rím	Ljóð
Ljóðstafir (stuðlar og höfuðstafir)	Ljóð
Ferskeytla	Ljóð
Haika	Ljóð
Tanka	Ljóð
Fyrirsagnir	Fréttatextar
Atburðarás	Fréttatextar
Sjónarhorn	Fréttatextar
Tengsl texta og mynda	Auglýsingar
Hugmyndavinna	Ferlisritun
Uppkast	Ferlisritun
Umritun	Ferlisritun
Yfirlestur	Ferlisritun
Birting	Ferlisritun
Stór stafur	Stafsetning
Ng/nk reglan	Stafsetning
Sjálfsvævisaga (1. persónu frásögn)	Ævisögur
Skáldævisaga	Ævisögur
3. persónu frásögn	Ævisögur
Samtalsbók	Ævisögur
Lýsingarorð	Lýsingar
Persónulýsingar	Lýsingar
Hughrif	Lýsingar
Upplýsingaöflun	Heimildaritun
Tilvitnanir	Heimildaritun
Heimildaskráning	Heimildaritun